

Sp. 128. Tillaga til þingsályktunar [124. mál]
um staðgreiðslu skatta.

Flm.: Kristín Halldórsdóttir, Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, Guðrún Agnarsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að koma á staðgreiðslukerfi skatta eigi síðar en tveimur árum eftir samþykkt þessarar ályktunar.

Greinargerð.

Fyrir tæpum 20 árum, eða árið 1965, lýsti þáverandi ríkisstjórn því yfir að hún vildi taka upp staðgreiðslukerfi skatta. Allar götur síðan hefur mikil vinna farið í undirbúning þess að taka upp slíkt kerfi og á þessum hartnær 20 árum hafa margar ríkisstjórnir haft staðgreiðslu skatta á stefnuskrá sinni. Tvisvar sinnum hafa verið lögð fram frumvörp um þetta efni, árin 1978 og 1981, án þess að hljóta endanlega afgreiðslu á þingi.

Með flutningi þessarar tillögu vilja fulltrúar Kvennalistans láta í ljósi afstöðu sína til þessa máls. Sú afstaða móttast af hagsmunum skattgreiðenda og þá fyrst og fremst þeirra sem hafa sveiflukenndar tekjur. Má þar sérstaklega nefna sjómenn og fiskvinnslufólk, svo og konur sem þurfa að minnka við sig störf utan heimilis eða hverfa tímabundið af vinnumarkaði til að gæta bús og barna.

Fullvíst er að staðgreiðslukerfi skatta á fylgi innan allra flokka og stjórn málasamtaka sem nú eiga fulltrúa á Alþingi og með afgreiðslu þessarar þingsályktunartillögu kæmi í ljós hvort um meirihlutafylgi er að ræða.